

Kæri Dr. Love

Kærastið mitt er alveg smá frægt (genderqueer) á instagram. Hún birtir oft myndir af sér í lítið af fötum, sem mér finnst allt í lagi. Vissi af því þegar við byrjuðum saman. En vinir mínir eru svo mikið að tala um það og hvað hún er heitt og svona. Ég verð svo afbrýðisöm og óörugg yfir því og langar eiginlega ekki að þau hittist. Hvað á ég að gera?

Kæri Dr. Love

Kærastan mín eyðir rosalega miklum tíma í að vera sæt fyrir alla aðra. Svo um leið og við komum kannski heim eða ef við erum ekki að fara neitt út þá er hún bara í náttfötunum og reynir ekkert að vera sæt fyrir mig lengur. Er hún ekki eins hrifin af mér lengur?

Kæri Dr. Love

Kærastinn minn langar alltaf að vera að prufa eitthvað í kynlífi sem mig langar ekkert að gera. Hvað á ég að gera?

Kæri Dr. Love

Vinur minn á kærustu. Hún er alveg skemmtileg og allt svoléiðis en þau eru alltaf saman núna. Hún kemur alltaf með líka ef hann er með okkur vinunum og ef við erum í smástund bara saman þá er hún búin að hringja í hann um leið. Ég hef líka alveg séð að hún hringir í hann og sendir skilaboð endalaust ef hann er bara heima hjá sér með fjölskyldunni. Vinkonur hennar eru líka farnar að tala um að hún er aldrei með þeim lengur. Það er eiginlega enginn annar af vinum mínum búinn að vera í svona alvöru sambandi. Þarf fólk að vera svona alltaf saman

Kæri Dr. Love

Ég og kærastinn minn erum alltaf að rífast. Ég elska hann og langar ekki að hætta alveg saman en þegar við erum búin að vera að rífast þá fær ég bara algert ógeð af honum. Finnst best að fara bara einhvert annað og nenni ekkert að tala við hann. Svára oftast ekkert í síman ef hann hringir og seena hann bara og svona. Þá er það oftast bara þannig að hann er geggjað glaður að hitta mig aftur og við erum hætt í fólu. Er ég leiðinleg að ignora hann?